

31. maí 1990

561

Nr. 225

AUGLÝSING

um flutningsjöfnunargjald á sementi.

Viðskiptaráðuneytið hefur með heimild í lögum nr. 62 frá 30. apríl 1973, um jöfnun flutningskostnaðar á sementi, að tillögu stjórnar flutningsjöfnunarsjóðs sements, ákveðið að flutningsjöfnunargjald af hverju tonni sements skuli vera kr. 1100 frá 1. júní 1990 þar til annað verður ákveðið.

Skulu innlendir framleiðendur (Sementsverksmiðja ríkisins) greiða gjaldið ársfjórðungslega til viðskiptaráðuneytisins, en af innfluttu sementi skal það innheimt við tollafgreiðslu. Annast tollstjórinn í Reykjavík og bæjarfógetar og sýslumenn annars staðar á landinu innheimtuna og skulu þeir skila gjaldinu til viðskiptaráðuneytisins.

Viðskiptaráðuneytið, 31. maí 1990.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Atli Freyr Guðmundsson.

30. maí 1990

Nr. 226

AUGLÝSING

um innflutning notaðra reiðtygja og reiðfatnaðar.

Að tillögu yfirdýralæknis og samkvæmt heimild í 3. gr. laga nr. 11/1928, um varnir gegn því að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins, eru hér með settar svofelldar reglur um innflutning notaðra reiðtygja og reiðfatnaðar:

1. Bannaður er með öllu innflutningur á notuðum reiðtygjum, þ.m.t. kömbum, klórum, pískum, ábreiðum og dýnum.
2. Notaður reiðfatnaður skal hafa fengið kemiska hreinsun áður en komið er með hann til landsins.
3. Notuð reiðstígvél skulu sótthreinsuð við komuna til landsins, hafi þau ekki verið sótthreinsuð áður, enda fylgi þá vottorð frá viðkomandi heilbrigðisyfirvöldum um að sótthreinsun hafi farið fram.
4. Um brot á auglýsingu þessari fer eftir 6. gr. laga nr. 11/1928, sbr. 24. gr. laga nr. 75/1982.
5. Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 30. maí 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.

Jón Höskuldsson.

B 41